

 Skipulagsstofnun
Mótt.: - 6. júní 2014
Málnr.
201406027

Óveruleg breyting á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028

## Þjónustustaður í Vatnsskarði

15. maí 2014



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

**ATA**

## 1 Óveruleg breyting á Aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008 - 2028

Sveitarstjórn Fljótshéraðs telur að gera þurfi óverulega breytingu á Aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008 – 2028 sem felur það í sér að gert verði ráð fyrir minni háttar mannvirkjum til þess að bæta þjónustu við ferðafólk sem fer um Dyrfjöll, Stóruð og nálæg svæði. Um er að ræða einn stað í Vatnsskarði við Borgarfjarðarveg, nr. 94. Umræddur staður er á óbyggðu svæði skv. stefnu um landnotkun í gildandi aðalskipulagi.

Breytingin er metin óveruleg þar sem um eitt mjög lítið mannvirki er að ræða á einum stað við þjóðveg. Ekki verður séð að breytingin hafi áhrif á neina hagsmuni aðra en þá að bæta aðstöðu ferðafólks.

### 1.1 Breyting á greinargerð

Við greinargerðina bætist svofelldur kafli:


#### 9.22 Afþreyingar- og ferðamannasvæði

AF2 Útsýnisstaður á Vatnsskarði.

Gert er ráð fyrir þjónustuhúsi á palli, alls um 30 m<sup>2</sup>, ásamt rotþró og bílastæði. Stuttur afleggjari tengir svæðið við Borgarfjarðarveg nr. 94.

### 1.2 Breyting á uppdrætti


Breyting verður á sveitarfélagsuppdrætti A innan rauða rammans sem sýndur er hér fyrir neðan:



Íbúðarsvæði	Grannsvæði
Verzlunar- og þjónustusvæði	Fjarsvæði
Athafnasvæði	Náttúruverndarsvæði - fríðlyst svæði
Fríslundabyggð	Náttúruverndarsvæði - svæði á náttúruminjaskrá
Íónaðarsvæði	Þjóðminjaverndarsvæði
Þjónustustofnanir	Sveitarfélagsmörk
Opin svæði til sérstakra nota	Stofnvegur
Hafnarsvæði	Tengivegur
Sorpörgunarsvæði	Annar vegur
Efnistökusvæði	Slóðar
Hverfisverndarsvæði	Jarðgöng
Þéttbýli	Gönguleið
Landbúnaðarsvæði	Reiðleið
Óbyggð svæði	Ⓡ Háspennulínur - loftlínur
Ár, vötn, sjór	Ⓡ Háspennulínur - jarðstrengir
	Ⓜ Vatnsveita
	Ⓛ Ljósleiðari

Breyting á sveitarfélagsuppdrætti A felst í því að staðurinn sem breytingin á greinargerð tekur til er færður inn með hringtákn og auðkenndur AF2.

Hluti af sveitarfélagsuppdrætti A, 1:150.000, fyrir og eftir breytingu:



Staðfestur uppdráttur, fyrir breytingu



Breyttur uppdráttur

## 2 Greinargerð

### 2.1 Forsendur

Sífelld fleiri innlendir og erlendir ferðamenn njóta útivistar og náttúruskoðunar í Dyrfjöllum, Stóriröð og á nálægum svæðum. Nauðsynlegt er að ferðafólk geti lagt bílum, fengið upplýsingar og komist á salerni. Þjónustuhúsi ásamt bílastæði á þessum stað er ætlað að mæta þessum þörfum. Nýlega fór fram hugmyndasamkeppni um bættu aðstöðu á þessum stað og er fyrirhuguð aðstaða í samræmi við afrakstur hennar. Engin verndarákvæði eru í gildi á þessum stað.

### 2.2 Tenging við grunnkerfi

Örstuttur (50 m) afleggjari frá Borgarfjarðarvegi nr. 94 tengir bílastæði og þjónustuhús við vegakerfið. Bílastæði og afleggjari er þegar á staðnum og tilkoma þjónustuhúss kallar aðeins á lagfæringar og viðhald. Ekki er gert ráð fyrir tengingu við nein veitukerfi. Vatn fyrir salerni fæst úr nálægri lind og rotþró tekur við frárennsli.

### 2.3 Umhverfismat

Ekki er búist við neinum umhverfisáhrifum vegna þessarar breytingar öðrum en minni háttar jarðraski sem tengist undirstöðum þjónustuhússins og gerð rotþróar.

## 3 3. Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 04.06. 2014.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 13.06 2014.

